

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 4. júlí 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 8. júlí 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfesti eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Utanríkisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Skipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
2. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands erlendis.
3. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
4. Skipti við erlend ríki.
5. Réttindi Íslendinga og íslenska hagsmuni erlendis.
6. Samninga við önnur ríki og gerð þeirra.